

REGLUGERÐ

um bifreiðamál ríkisins.

1. gr.

Fjármálaráðuneytið, fjárlaga- og hagsýslustofnun, hefur yfirumsjón með allri bifreiðaeign ríkisins og bifreiðanotkun á þess vegum, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari.

2. gr.

Reglur um bifreiðanotkun á vegum ríkisins eru þrenns konar, eftir því hvort um er að ræða bifreiðar í eigu ríkisins, sbr. 3. gr., leigðar bifreiðar starfsmanna ríkisins, sbr. 5. gr., eða bílaleigubíla, sbr. 10. gr.

3. gr.

Þegar hagkvæmt er talið að sinna vissum verkefnum stofnana ríkisins með eigin bifreiðum kaupir ríkið bifreiðar til þessara þarfa og rekur þær á eigin kostnað. Skulu ríkisbifreiðar greinilega auðkenndar, og eru einkaafnot starfsmanna af þeim óheimil. Að loknum starfsdegi skulu ríkisbifreiðar skildar eftir í vörslu stofnunar. Þó er forstöðumanni stofnunar heimilt, að fengnu samþykki fjármálaráðuneytisins, fjárlaga- og hagsýslustofnunar, að leyfa starfsmanni að hafa slíka bifreið í sinni vörslu utan vinnutíma, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Sérstök aksturbók skal fylgja hverjum ríkisbíl og færir ökumaður í hana hverja einstaka ferð þar sem kemur fram erindi, vegalengd og staðir sem ekið er til. Akstursdagbók færast í tvíriti og skal forstöðumanni eða þeim sem hann tilnefnir sent afritið eigi sjaldnar en mánaðarlega til staðfestingar með áritun.

4. gr.

Kaup á ríkisbifreiðum eru óheimil án samþykkir fjármálaráðuneytisins, fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Kaup og sala ríkisbifreiða skal fara fram á vegum Innkaupastofnunar ríkisins. Verði ágreiningur um val á tegundum ríkisbifreiða milli forstöðumanns ríkisstofnunar (kaupanda) og Innkaupastofnunar ríkisins, sker fjármálaráðherra úr, sbr. ákvæði 3. málsg. 5. gr. reglugerðar nr. 164/1959 um Innkaupastofnun ríkisins. Þegar hagkvæmt þykir getur Innkaupastofnunin keypt bifreið eða bifreiðar að undangengnu útboði.

Sala ríkisbifreiða skal fara fram með almennu útboði. Innkaupastofnunin annast afsöl og nauðsynlegar tilkynningar vegna slíkra viðskipta svo og afhendingu bifreiða og innheimtu söluandvirðis.

Ráðherra sem lætur af störfum skal jafnan eiga þess kost að kaupa af ríkissjóði bifreið þá er hann hefur haft til afnota meðan hann gegndi embætti. Innkaupastofnun ríkisins skal meta bifreiðina til verðs.

5. gr.

Heimilt er að leigja bifreiðar í eigu starfsmanna til notkunar í þágu ríkisins. Umsókn um slíka leigu skal senda fjármálaráðuneytinu, fjárlaga- og hagsýslustofnun, sem metur þörf á samningi við einstaka starfsmenn og að höfðu samráði við forstöðumenn viðkomandi ríkisstofnunar og ráðuneytis.

6. gr.

Að fengnu samþykki fjármálaráðuneytisins, fjárlaga- og hagsýslustofnunar, gerir hlutaðeigandi ríkisstofnun skriflegan samning við einstaka starfsmenn, sbr. 5. gr., á sérstöku samningsformi sem til þess er ætlað. Samningurinn er því aðeins gildur að hann sé samþykktur með áritun fjármálaráðuneytisins, fjárlaga- og hagsýslustofnunar, sem einnig er heimilt að fella aksturssamning úr gildi með uppsögn.

7. gr.

Fari ríkisstarfsmaður einstakar ferðir á eigin bíl að beiðni yfirmanns skal greiða fyrir þær með akstursgjaldi skv. 9. gr., enda fylgi akstursskýrsla reikningi starfsmannsins, sbr. 8. gr. Að öðru leyti er ríkisstofnun óheimilt að greiða starfsmanni fyrir akstur nema skv. samningi, sbr. 6. gr. Forstöðumaður hlutaðeigandi ríkisstofnunar skal fylgjast með framkvæmd samnings og bera ábyrgð á að eftir honum sé farið.

Sé gerður aksturssamningur sem bundinn er við ákveðna tölu kílómetra við forstöðumenn ríkisstofnana eða aðra starfsmenn skal áætla þá vegalengd er starfsmaðurinn þarf að aka starfs síns vegna á ári hverju. Í samningnum skal taka fram þær takmarkanir er leiga á einkabifreið kann að hafa á not leigubifreiða í þágu embættisins. Starfsmenn er gera samning um akstur yfir 3000 km á ári skulu afhenda ríkisendurskoðun akstursskýrslu á 6 mánaða fresti. Lögreglustjórar eru undanþegnir gerð akstursskýrslu.

8. gr.

Leigugjald fyrir bifreiðaafnot skal greitt skv. þar til gerðri akstursskýrslu og km-gjaldi, sem ferðakostnaðarnefnd samkvæmt kjarasamningum fjármálaráðuneytisins, BSRB og BHM ákveður hverju sinni. Ökumaður bifreiðar skal sjá um færslu akstursskýrslu og gera það þegar að loknum akstri. Ökumaður undirritar akstursskýrsluna, en forstöðumaður stofnunar eða umboðsmaður hans staðfestir aksturinn og nauðsyn hans.

9. gr.

Innkaupastofnun ríkisins annast samninga fyrir hönd ríkisstofnana við bílaleigur um leigu á bílaleigubílum. Eftir því sem við verður komið skal það gert að undangengnu útboði. Akstur bílaleigubíls skal skráður á sama hátt og um getur í 3. og 8. gr. og fylgi akstursskýrsla reikningi bílaleigu í bókhaldi viðkomandi stofnunar.

10. gr.

Hver ráðherra getur fengið til umráða ríkisbifreið sem ríkissjóður ber allan kostnað af. Ákvæði 3. gr. gilda eigi um bifreiðar ráðherra.

Ráðherra er eigi kýs að fá ríkisbifreið til umráða á þess kost að nýta eigin bifreið til embættisstarfa, enda sé bifreiðin í góðu ásigkomulagi að mati Bifreiðaeftirlits ríkisins þegar notkun í þágu ríkisins hefst. Ríkissjóður ber allan kostnað af rekstri slíkrar bifreiðar og greiðir eiganda hennar fyrningarfé er sé ár hvert 20% af virði bifreiðarinnar. Ríkissjóður greiðir eigi fyrningarfé af eldri bifreiðum en fimm ára. Í þessu sambandi telst aldur bifreiðar frá þeim degi sem hún er skráð ný, ella frá upphafi smíðaárs bifreiðar. Fyrningarfé skal reiknað af endurnýjunarverði samsvarandi bifreiðar.

11. gr.

Bíla- og vélanefnd, sem fjármálaráðherra skipar, er fjármálaráðuneytinu, fjárlaga- og hagsýslustofnun, til aðstoðar og ráðuneytis um atriði er varða framkvæmd þessarar reglugerðar. Ríkisendurskoðun skal hafa eftirlit með framkvæmd reglugerðarinnar hjá einstökum stofnunum og úrskurða um greiðslu fyrir bifreiðaafnot svo og önnur atriði þegar ástæða er til og tilefni gefst.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við 5. gr. III. 4. tl. auglýsingar nr. 96 31. desember 1969 um Stjórnarráð Íslands og öðlast þegar gildi. Kemur hún í stað auglýsingar nr. 6/1970 um sama efni.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem við gildistöku reglugerðar þessarar eru í starfi erlendis, skulu með sama hætti og áður eiga rétt að niðurfellingu gjalda af bifreið sem þeir flytja með sér heim eftir eigi skemmra en þriggja ára samfellt starf erlendis. Með bifreiðar þessar skal að öðru leyti farið svo sem kann að verða kveðið á um í lögum þeim og reglum um bifreiðamál ríkisins sem í gildi eru við innflutning viðkomandi bifreiðar.

2. Við gildistöku þessarar reglugerðar skal sagt upp öllum nógildandi aksturssamningum frá og með 1. janúar 1986.

Fjármálaráðuneytið, 30. apríl 1985.

Albert Guðmundsson.

Magnús Pétursson.

REGLUGERÐ

**um skiptingu heilbrigðiseftirlits á Vesturlandssvæði skv. 6. gr. 3. tl.
laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.**

1. gr.

1.1. **Akranessvæði.**

Þar starfar ein nefnd skipuð fimm fulltrúum. Starfssvæði: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur, Akraneskaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

1.2. **Vesturlandssvæði.**

Þar starfa 4 nefndir.

1) Borgarnes, skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Borgarneshreppur, Borgarhreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur, Eyjahreppur, Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lunda-reykjadalshreppur, Reykholtaldalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þver-árhlíðarhreppur, Norðurárdalshreppur og Stafholtstungnahreppur. Borgarneshreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn, en hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um fjóra.

2) Ólafsvík, skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Ólafsvíkurhreppur, Fróðárhreppur, Staðarsveit, Breiðvíkurhreppur og Neshreppur. Ólafsvíkurhreppur skal eiga tvo fulltrúa og Neshreppur einn kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

3) Stykkishólmur, skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Helgafellssveit, Stykkishólmshreppur, Skógarstrandarhreppur, Miklaholtshreppur, Eyrarsveit og Flateyjarhreppur. Stykkishólmshreppur skal eiga tvo fulltrúa og Eyrarsveit einn kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

4) Búðardalur, skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Hörðudalshreppur, Miðdalshreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur og Saurbæjarhreppur. Laxárdalshreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um fjóra.